

hann fékk við lögina frá 19. janúarmán. þ. á. um launaviðbót handa ýmsum embættismönnum á Íslandi, en þar á móti séu burtfallnir við lög þessi þeir 50 rd. á ári, er að undanförunu hafa veittir verið öðrum dómáranum í yfirréttingunum úr dómsmálasjóðnum, sem launaviðbót í eiginlegum skilningi.

1863.

9. júním.

43. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um styrk handa ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu.

16. júním.

Dómsmálastjórnin hefir veitt Valgerði á Grund, ekkju Briems kammerráðs, fyrrum sýslumanns í Eyjafjarðar sýslu, 20 ríkisdala styrk, og hefir landfógetanum í dag verið boðið að greiða fè þetta úr jarðabókarsjóði Íslands.

Þetta er yður hérmeð kunngjört yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það hlutaðeiganda.

44. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um skýrslur um blinda.

18. júním.

Athygli stjórnarráðsins hefir leiðzt að því, að hingað ekki er send nein skýrsla um blinda á Íslandi, og að þaðan ekki hefir komið nein ósk um, að blindum mönnum væri veitt viðtaka á stofnun þá, sem hér er fyrir blinda, síðan sú stofnun komst á fót.

Til þess nú að stuðla til þess, að stofnun þessi einnig geti komið blindum mönnum á Íslandi að notum, sendir stjórnarráðið yður með bréfi þessu nokkur exemplör af lögum d. 21. janúarmán. 1857 um að stofna skóla handa blindum¹⁾, til þess þér sendið

¹⁾ Til skýringar um stofnun þessa skulu hér til færðar tvær greinir úr lagabodinu:

1. grein. Fyrir konungsríkið Danmörku skal stofna skóla handa blindum; á hann að geta veitt viðtöku að minnsta kosti 60, og á það að vera tilgangur hans að alla hinum blindu þess andlegs þroska og þeirrar kunnáttu, að vöntun sjónarinnar verði þeim svo léttbær, sem

1863.
18. júním.

þau próföstum á landinu, og einnig útdrátt úr skýrslu um afhafnir stofnunar þessarar fjárhagsárin 1859—60 og 1860—61, og skorar á yður að bjóða embættismönnum þessum að hlutast til um, að efni lagaboðs þessa og skýrslu verði gjört almenn- ingi kunnugt á hagfelldasta hátt.

Með því einnig er áriðandi að hafa fullkomnar skýrslur um alla blinda á landinu, þá eru yður og hérmeð send exem- plör af skýrsluformi til að semja eptir skýrslu í hverri sókn um hina blindu, og skal skorað á yður að bjóða prestum á Íslandi að semja á ári hverju slíkar skýrslur, fyrsta skipti við lok yfirstandandi árs; ber nákvæmlega að laga þær eptir skýrslu- formi þessu og gjöra þær svo fullkomnar, sem unnt er; síðan ber að senda próföstum skýrslurnar, og eiga þeir þar á eptir að senda þær til yðar, og þær að síðustu til stjórnarráðsins.

19. júním.

45. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins yfir Íslandi, um þóknun til læknis.

Eptir að dómsmálastjórnin var búin að fá bréf yðar, herra stiptamtmaður, dagsett 13. d. aprílm. þ. á., veitti hún Magnúsi Stephensen, cand. med. & chir., 200 ríkisdala þóknun fyrir þá læknishjálp, er hann eptir tilhlutun stjórnarráðsins hefir látið sjúklingum í tæ síðastliðið haust og vetur, meðan hann dvaldi í suðurumdæminu á Íslandi.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið.

verða má, og að þeir geti haft ofanaf fyrir sér með vinnu sinni að svo miklu leyti, sem unnt er.

3. grein. Borgunin fyrir veru hins blinda í skólenum skal vera 350 rdl. á ári, og er þar í fölginn borgun fyrir föt, fæði og kennslu. Nú verður borgun þessi eigi greidd, sakir fátæktar barnsins eður for- eldra þess, þá má lækka borgunina eður láta hana burt falla. Ef hús- rúm er til má og taka í skólann blinda, sem eiga heima í öðrum hlut- um ríkisins, svo og í útlöndum, og ef efnahagur barnsins mæli með því má lækka borgunina fyrir hina fyrgreindu til 150 rdl. á ári.